



***Skýrsla Fræðslunefndar Umdæmisins
Ísland – Færeyjar starfsárið 2009 - 2010
Til Umdæmisþings haldið laugardaginn 11. september
2010***

Í fræðslunefnd eru : **Sæmundur H. Sæmundsson Elliða formaður**
Finnbogi G. Kristjánsson Elliða
Árni H. Jóhannsson Kötlu

Fræðslunefnd er búin að halda marga fundi vegna undirbúnings að fræðslu fyrir starfsárið 2009 – 2010

Strax á fyrstu fundum kom upp umræða um að breyta fræðslunni og reyna að gera hana þannig að þeir sem sækja fræðslu séu meira þátttakendur, geti komið sinni skoðun á framfæri og einnig hvernig þeirra klúbbar vinna. Þannig eru allir að hjálpast að við að finna það sem hentar Kiwanishreyfingunni best.

Óskar Guðjónsson Umdæmisstjóri var inn á þessari línu eins og nefndin og bað okkur nefndarmenn að útfæra þessa hugmynd og síðan myndum við í sameiningu fínþússa hana.

Eftir þessu höfum við unnið og reynt að gera þá fræðslufundi sem við höfum komið nálægt eins líflega og skemmtilega og okkur hefur verið unnt.

Fyrsta verkefnið var að funda með svæðisstjórunum og var sá fræðslufundur laugardaginn 21. febrúar 2009 í Kiwanishúsin að Engjateig 11 í Reykjavík. Þar mættu 5 af 6 verðandi svæðisstjórum, en einn komst ekki sökum slæms

veðurs á norðurlandi. Þessi fræðsla tókst nokkuð vel að mati okkar nefndarmanna og einnig sögðu þátttakendur að þeir væru mjög ánægðir með fundinn.

Næsta verkefni var að taka þátt í Kiwanisráðstefnu í Kiwanishúsinu í Kópvogi laugardaginn 29. mars 2009 og sá fræðslunefnd um umræðuhópa sem fjölluðu um eftirtalin verkefni:

- a) Hvernig kynnum við Kiwanis á 5 mínútum?
- b) Hvernig fræðslu viljum við?
- c) Hvernig umdæmisþing viljum við?
- d) Hvernig klúbb viljum við?

Daginn eftir eða sunnudaginn 30. mars sá nefndin um fræðslu fyrir forseta. Þessi fundur tókst nokkuð vel og var þátttaka félaga í fundinum góð og miklar umræður urðu um starf forseta og hvernig eigi að reka og stjórna góðum Kiwanisklúbbi. Það sem skyggði á ánægju okkar nefndarmanna var léleg mæting frá klúbbunum í umdæminu, aðeins voru bókaðir forsetar, eða fulltrúar frá 17 klúbbum af 35. Sjálfsagt eru margar ástæður fyrir þessari slöku mætingu og verðum við að reyna að bregðast við því með breytingum á fundartíma og tengja fræðsluna við einhvern annan atburð, sem klúbbar verða að sækja, þannig sparast bæði tími og peningar.

Fræðslunefnd sá um fræðslu á Umdæmisþinginu sem var haldið föstudaginn 11. september 2009 í Kiwanishúsinu við Engjateig 11 í Reykjavík. Sú breyting var gerð á fræðslu þingsins að einn stór fundur var á föstudagsmorgninum þar sem mættu forsetar, ritarar, féhirðar og formenn móttökunefnda klúbbanna, sem áttu þess kost að mæta. Þetta er breyting frá fyrri árum, þar sem fræðslu hefur alltaf verið skipt í hópa fyrir hvert embætti. Þessi nýbreytni mæltist vel fyrir og var þátttaka mjög góð eða um 110 manns og sýndist okkur að mæting frá klúbbunum væri um 90%. Þessi fundur fór vel fram og voru þátttakendur á einu máli um að þetta hefði tekist vel. Eina aðfinnslan var að fundinum væri ætlaður of stuttur tími.

Einnig var fræðslunefnd með stuttan fund með svæðisstjórunum eftir hádegi á föstudeginum og þar fórum við yfir starfið framundan og þeir skiluðu stuttu verkefni, sem þeir fóru með heim frá fræðslunni í febrúar.

Fulltrúar frá fræðslunefnd hafa heimsótt nokkrar svæðisráðstefnur og eru ánægðir með undirbúning og framkvæmd þeirra. Óskir hafa komið frá klúbbum um að mæta á fundi, en því miður hefur það ekki tekist og vonum við að hægt verði að bæta úr því á næsta starfsári.

Þetta er í stuttu máli það sem fræðslunefnd hefur verið að vinna við á þessu starfsári.

Ég vil nota tækifærið og þakka samnefndarmönnum mínum fyrir frábært samstarf svo og umdæmisstjóranum og öllum embættismönnum umdæmisins, sem við höfum átt samstarfi við.

Reykjavík 11. september 2010

Sæmundur H. Sæmundsson formaður fræðslunefndar